



# PCI kortaöryggi

---

VALITOR

# PCI kortaöryggi

Til að sporna við hættu á misnotkun á kortaupplýsingum hafa alþjóðlegu kortafyrirtækin VISA og Mastercard komið sér upp öryggisstaðli: PCI DSS – Payment Card Industry Data Security Standard. Staðallinn fjallar m.a. um vinnslu, geymslu, aðgengi og eyðingu kortaupplýsinga hjá þeim sölu- og þjónustuaðilum sem meðhöndla kortaupplýsingar. Töluvert miklar kröfur eru gerðar í staðlinum til þeirra aðila sem meðhöndla þessar upplýsingar en hagræðið fyrir söluaðila er ótvírætt.

Ávinningur og hagræði fyrir söluaðila af því að innleiða PCI DSS öryggisstaðalinn felst í því að:

- // Vernda upplýsingar um viðskiptavinum sína
- // Tryggja orðspor fyrirtækisins
- // Auka tiltrú viðskiptavina á að upplýsingar um þá séu geymdar á öruggan máta
- // Forðast fjárhagslegan kostnað sem fylgir stuldi á upplýsingum
- // Auka vitund um að kerfi og ferlar séu í lagi

## Hverjir þurfa að uppfylla PCI staðalinn?

Allir söluaðilar sem meðhöndla kortaupplýsingar þurfa að uppfylla PCI öryggisstaðalinn.

Þeir söluaðilar, sem taka við fleiri en 20.000 færslum vegna netviðskipta (e-commerce) og/eða heildarfjöldi færslna söluaðilans fara yfir eina milljón á ári, þurfa að svara spurningalista (sjálfsmati) og semja við viðurkenndan skönnunaraðila um skönnun á netöryggi (Network Scan) a.m.k. fjórum sinnum á ári.

Ef heildarfjöldi færslna fer yfir 6 milljónir á ári þarf söluaðili einnig að semja við viðurkenndan úttektaraðila (PCI Qualified Security Assessor QSA) um úttekt.

Öllum öðrum söluaðilum er ráðlagt að kynna sér PCI staðalinn, svara spurningalistanum og láta framkvæma skönnun á netöryggi a.m.k. fjórum sinnum á ári.

**Nánari upplýsingar á [www.kortaoryggi.is](http://www.kortaoryggi.is)**